

**Stuðboltarnir**  
**3. fundur**  
**Nemendafulltrúaráð 2. – 3. bekkja**  
**Fundur 22. janúar 2019**

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þriðja fund vetrarins og byrjuðum við á að rifja upp hvert hlutverk okkar er sem Stuðboltar. Fundurinn gekk vel og voru eftirfarandi mál á dagskrá:

2. Hvernig má gera lestur áhugaverðari? Hvað finnst nemendum skemmtilegt í sambandi við lestur, hvað mætti betur fara, er eitthvað sem verið er að gera sem þeim finnst ekki virka fyrir þau? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Taka oftar tímann í hraðlestri
- Hafa val um fleiri spennandi bækur
- Skrifa bækur sjálf og lesa þær
- Sumum finnst bara leiðinlegt að lesa
- Lesa fróðleiksmola
- Fá nýtt kvittunarhefti með nýjum verkefnum
- Fá fullorðna til að lesa fyrir okkur, t.d á kvöldin

- Hafa skemmtilegt lestrarátak
- Velja bækurnar sjálf
- Vinna verkefni sem tengjast bókum sem við erum að lesa
- Hlusta á hljóðbækur
- Lesa í hljóði fyrir svefninn
- Lestur í nesti
- Semja sjálf bækur og lesa fyrir aðra
- Hafa uppskeruhátíð í Byrjendalæsi eins og með Herramennina
- Fá að lesa nýjar bækur
- Nota spæjarann og leita að nýjum orðum og læra þau
- Lesa á bókasafninu
- Vera dugleg að lesa bækur þegar maður hefur tíma
- Lesa í hljóði fyrir svefninn
- Þriðji bekkur hafði búið til stórt og flott veggspjald með hugmyndum til þess að gera lestur skemmtilegri. Flott framtak og þau höfðu gaman að því að kynna það á fundinum.

3. Ræðum saman um einkunnarorð skólans. Virðing – vellíðan – virkni. Þekkjum við þessi orð, eru þau sýnileg, hvað þýða þau, hvernig koma þau inn í daglegt skólastarf? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Merki og orð skólans eru ekki nógu sýnileg
- Þurfum að æfa okkur að vera virk/hlusta á aðra t.d sýna öðrum virðingu. Þá líður okkur líka vel/betur
- Væri gaman að finna einhverja leiki með þessum orðum – æfa okkur í gegnum leik

4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Margir að stríða í útifríminútum
- Viljum frjálst nesti á föstudögum
- Hafa oftár pítu, pizzu og tacos í matinn
- Nemendur mega ganga betur um inn í matsal og frammi á gangi
- Verið að sparka í töskur á gangi og föt út um allt, þurfum að læra að bera virðingu fyrir eigum annarra. Við viljum fá að hafa fötin okkar og töskurnar í friði
- Fá að vera lengur úti í frímínútum þegar það er snjór
- Of margir stríða
- Fá Janko til að tala við krakka sem hegða sér illa, það hlusta allir á hann.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Fríður Garðarsdóttir